


MENNTASKÓLINN VIÐ SUND

1969



ÞRÍGGJA ÁRA NÁM Í STÚDENT



Allt um innritun og úrvinnslu umsókna

ÞRÍÁR ANNIR Á HVERJU ÁRI



2019

VIRÐING – JAFNRÉTTI – ÁBYRGÐ – HEIÐARLEIKI

Sérhæfður bóknámsskóli en með sérstaka áherslu á umhverfismál, lýðræðisvitund og listir

Gnoðarvogur 43, 104 Reykjavík



ÆTLAR ÞÚ AÐ SÆKJA UM SKÓLAVIST?

INNTRITUN

Innritun í framhaldsskóla skiptist í forinnritun og innritunina sjálfa. Forinnritun er ekki bindandi en gefur sterkar vísbendingar um það hvert straumur nemenda liggur

Opnað hefur verið fyrir forinnritun í framhaldsskóla

Forinnritun fyrir nemendur sem útskrifast úr 10. bekk vor 2021 stendur yfir frá 8. mars - 13. apríl.


Lokainnritun fyrir nemendur sem útskrifast úr 10. bekk vor 2021 verður frá 6. maí - 10. júní.

Innritun eldri nemenda verður frá 5. apríl - 31. maí.

Það skiptir máli þegar valið er hvort skóli er settur í aðalval eða varaval

LÁGMARKSKRÖFUR INN Á BRAUTIR INNTÖKUSKILYRÐI Í MS

Nemendur sem uppfylla neðangreindar lágmarkskröfur í lykilgreinum uppfylla inntökuskilyrði MS á námsbrautir skólans. Allir geta sótt um skólavist í MS



Skilyrði þess að hefja nám til stúdentsprófs í MS er að hafa lokið námi úr grunnskóla. Til að hefja nám á öðru hæfniprepi í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku þarf að hafa hlotið einkunnina;
B, B+ eða A.

Við úrvinnslu umsókna í skólanum, áður en þær eru sendar til miðlægrar keyrslu, eru einkunnir í samfélagsfræði,

dönsku og náttúrufræði einnig bornar saman eftir sérstöku kerfi til að greina á milli þeirra sem mælast jafnir á grundvelli einkunna í ÍSL, ENS og STÆ.

Ef nemandi fær skólavist en uppfyllir ekki að fullu inntökuskilyrðin í kjarnagreinum gæti hann þurft að hefja nám í þeirri grein á fyrsta hæfnistigi.

Einkunnir sem eru bornar saman við úrvinnslu umsókna

Lykilgreinar

Íslenska

Enska

Stærðfræði

- Samfélagsfræði
- Danska
- Náttúrufræði

Aðrar námsgreinar

Fyrst er raðað eftir einkunnum þeirra sem ná að lágmarki B í íslensku, ensku og stærðfræði. Þar á eftir koma þeir sem hafa eina kjarnagrein undir B, síðan þeir sem eru með tvær eða þrjár.

ÚRVINNSLA UMSÓKNA

EINKUNNAKVARÐINN OG SAMANBURÐUR

Samanburður einkunna

Við samanburð á einkunnum við úrvinnslu umsókna mun Menntaskólinn við Sund ganga út frá eftirfarandi forgangi hvað varðar einkunnir í **íslensku, ensku og stærðfræði**:

A	A	A	12
A	A	B+	11,75
A	B+	B+	11,50
B+	B+	B+	11,25
A	A	B	11
A	B+	B	10,75
B+	B+	B	10,50
A	B	B	10
B+	B	B	9,75
B	B	B	9

Fyrst er raðað eftir einkunnum þeirra sem ná að lágmarki B í íslensku, ensku og stærðfræði en þar á eftir koma þeir sem hafa eina þessara kjarnagreina undir B, síðan þeir sem eru með tvær eða þrjár einkunnir undir B. Sá sem er með hæstu einkunnina fær lægsta númerið.

ÚRVINNSLA UMSÓKNA FLOKKUN EFTIR NÁMSÁRANGRI

Ef eitthvað vantar upp á

Umsækjandi uppfyllir ekki lágmarkskröfur (B) í lykilgreinum:

„Inntaka verður aðeins ef rými leyfir og sérstakar upplýsingar liggi fyrir sem renni stoðum undir það að viðkomandi muni standast kröfur um námsárangur og það liggi fyrir að skólinn geti boðið viðkomandi nám við hæfi.”

Skólinn áskilur sér rétt til þess að takmarka fjölda innritaðra á hverja námsbraut

Hvaða vægi er sett á einkunnir úr grunnskólanum?

A = 4, B+ = 3,75, B = 3, C+ = 2,75, C = 2, D = 1

INNTRITUN

STAÐFESTING Á SKÓLAVIST

Innritunarferlið

Umsóknarferlið skiptist upp í nokkur stig:

- A. Forskráning umsókna 10. bekkinga: Hægt er að breyta innritun eins oft og menn vilja
- B. Lokafrestur umsókna: Gefin er út lokadagsetning á innritun. Ekki er hægt að breyta umsókn eftir það og ef ekki er sótt um fyrir þann tíma er alveg óvíst hvort nemandi fái skólavist
- C. Umsóknir eldri nemenda

Hvað ef umsóknir um skólavist eru fleiri en plássin?

- A. Úrvinnsla skóla á umsóknum fer fram strax eftir að umsóknarfrestur rennur út
- B. Skólinn sendir gögn um úrvinnslu umsókna í miðlæga keyrslu til Advania
- C. Menntamálastofnun vinnur úr umsóknum þeirra sem ekki fengu skólavist í fyrstu keyrslu

Staðfesting umsóknar

Þegar nemandi hefur fengið svar um skólavist staðfestir hann umsókn sína um skólavist með því að greiða innritunargjöldin á réttum tíma.

Hvað gerist ef nemandi greiðir ekki innritunargjald?

Ef nemandi greiðir ekki innritunargjöld innan eindaga á hann á hættu að missa skólaplássið sem honum var boðið.



<http://www.msund.is>

Umsóknin

- Allir sækja um rafrænt
- Mikilvægt að vanda til umsókna og vera raunsær við val á skóla. Velja þarf aðalskóla og vara-skóla

Rafrænt
umsóknarferli



Afgreiðslan

- Tekið er inn eftir einkunnum og fjölda plássá á hverri braut
- Skilyrði inn á brautir, skólaeinkunnir B í lykilgreinum (ISL, ENS, STÆ). Einkunnir í DAN, SAM, NÁT skoðaðar

Innritun á
brautir



Spurningarnar

- Ítarlegar upplýsingar um skólann, námsbrautir og námsgreinar eru á vef MS
- Námsráðgjafar og skólastjórnendur gefa frekari upplýsingar

Spurningar og
svör



SÓTT ER UM Í MIDLÆGAN GAGNAGRUNN

Þegar nemandi sækir um í MS gengst hann undir reglur skólans

INNDRITUN Í MS 2 SVAR Á ÁRI